

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM FJÁRLÖG 2024, 1. MÁL.

Margt er gott og afar jákvætt að sjá í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og þá langtímahugsun sem fjármálaáætlun ber með sér. Að mati UMFÍ er mikilvægt að fjárlagafrumvarpið kallist á við metnaðarfulla fjármálaáætlun, sérstaklega þarf að gæta að því að grunnstoðir áætlunarinnar verði fjármagnaðar svo hún verði að veruleika. Miðað við þær forsendur sem fram kom í frumvarpinu og sú hagræðingarkrafa sem stjórnvöld setur sjálfum sér þá þarf engu að síður að huga að stoðunum, hvort heldur er með beinum ríkisframlögum eða aðgengi að fjármagni úr sjóðum til að tryggja framgang áætlunarinnar.

LÝÐHEILSAN Í FYRSTA SÆTI

Við hjá UMFÍ þreytumst seint á því að lyfta upp mikilvægi lýðheilsu, bæði forvarnarþættinum fyrir landsmenn og áhrifa bættrar heilsu á ríkiskassann (s.s. því heilbrigðara fólk þarf síður á lækniástoð að halda, það dregur úr þrýstingi á heilbrigðis- og tryggingakerfi og lækkar ríkisútgjöld í tengdum málaflokkum).

UMFÍ vinnur að því að bæta grunninn fyrir betri lýðheilsu landsmanna (andlega og líkamlega) með tilheyrandi hliðaráhrifum í gegnum aðildarfélög sín og einnig með verkefnum á vegum samtakanna. Verkefnið er lifandi og þróast í takt við tíðaranda og tekur mið af því að allir geti verið með.

Til að þessi vinna hreyfingarinnar skili árangri fyrir landsmenn þá þurfa stoðirnar að vera sterkar.

BÆTT LÝÐHEILSA FELST Í SKIPULÖGÐU ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Við vitum að íþróttir og ástundun í skipulögðu starfi er lýðheilsuáttal og forvarnarmál. Íþróttaiðkun barna býr þau undir áskoranir lífsins og við sjáum í íslenskum rannsóknum að börn sem stunda skipulagt íþróttastarf líður betur bæði andlega og líkamlega en þeim börnum sem ekki taka þátt.

Í niðurstöðum Ánægjuvogarinnar, sem ÍSÍ og UMFÍ standa að kemur eftirfarandi fram:

47% barna sem æfa íþróttir meta líkamlega heilsu sína góða miðað við 19% sem æfa ekki íþróttir.

33% meta andlega heilsu sína góða miðað við 18% sem æfa ekki íþróttir.

50% segjast vera hamingjusöm miðað við 33% sem æfa ekki íþróttir.

64% fá nægan nætursvefn miðað við 44% sem æfa ekki íþróttir.

Auk þess læra börn og ungmenni sem æfa íþróttir að setja sér markmið, vinna undir álagi og vinna með bæði gleði og sorgir. Íþróttir byggja því upp seiglu – kunnáttu og lærdóm sem endist lífið á enda. Við vitum að mikil ábyrgð hvílir því á íþróttafélögum landsins en þau eru um rúmlega 400 talsins og mjög mismunandi starfsemi innan þeirra. Sterk íþróttahéruð í sínu nærsamfélagi, óháð íþróttagrein eða félagi, geta miðlað málum, opnað dyr, tryggt að sem flest börn fái tækifæri til að vaxa og dafna um allt land og tekið þátt á sínum forsendum.


STYRKJUM STÖÐIR LÝÐHEILSU

Ríkisframlag til UMFÍ er ein af stöðunum sem tryggja samræmda þjónustu við íþrótt- og ungmennafélög landsins á sviði lýðheilsu og forvarna.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 134 milljóna króna árlegu framlagi til UMFÍ. Það er sama fjárhæð og árið 2023 og mun hún ekkert breytast samkvæmt frumvarpinu til ársins 2026.

Ríkisframlag til UMFÍ hefur í raun lítið breyst á síðastliðnum árum. Á sama tíma hefur ýmis rekstrarkostnaður rokið upp og ber þá fyrst og fremst að nefna launakostnað. Ríkisframlag til UMFÍ hafði frá árinu 2018 verið 129 milljónir króna. Þegar framlagið er borið saman við þróun verðlags frá árinu 2018 til 2023 má sjá að framlagið hefur ekki fylgt þróun verðlags. Þvert á móti hefur verðlag hækkað töluvert umfram framlag ríkisins til UMFÍ. Þegar ríkisframlag til UMFÍ frá árinu 2008 er borið saman við þróun verðlags á tímabilinu 2008 - 2022 má sjá að ríkisframlagið er 123,4 milljónir króna árið 2008 en hefði verið komið í tæpar 230 milljónir hefði það fylgt þróun verðlags.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ Í SAMANBURÐI VIÐ ÞRÓUN VERÐLAGS



ÓSK UM AUKAFRAMLAG

UMFÍ hlaut árið 2023 styrk frá stjórnvöldum til uppbyggingar landsmótsstaða árið 2023 upp á 12 milljónir króna. Fjórar milljónir króna runnu til Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH) vegna Landsmóts UMFÍ 50+ í Stykkishólmi og átta milljónir til Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) vegna Unglingalandsmóts UMFÍ á Sauðárkróki. Áður var til sjóður hjá barna- og menntamálaráðuneytinu sem sveitarfélög og félagasamtök sóttu í. Sá sjóður nýttist afar vel í mörgum bæjarfélögum. En hann hefur nú verið lagður niður og treglegra en áður að byggja upp íþróttasvæði og landsmótsstaði.

Til viðbótar við 12 milljóna króna framlagið hlaut UMFÍ 20 milljóna króna aukaframlag til rekstrar skólabúða. Það endurspeglaði í raun það sem upp á vantaði af ríkisframlagi hefði það fylgt þróun verðlags.

Heildarúthlutun til viðbótar ríkisframlagi árið 2023 nam því 32 milljónum króna.


UMFÍ óskar eftir aukaframlagi til viðbótar við frumvarp um fjárlög 2024; tólf milljónum til uppbyggingar landsmótsstaða og 20 m.kr. til reksturs, samtals 32

milljónir króna. Framlög til uppbyggingar landsmótsstaða myndu nýtast til uppbyggingar landsmótsstaða í Borgarnesi og í Vogum á Vatnsleysuströnd.

SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga og sjálfstæð félagasamtök skv. ípróttalögum. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 ípróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Innan UMFÍ eru um 480 félög (nærri því öll ípróttahéruð og ungmennafélög á Íslandi). Þjónustan nær því til meirihluti landsmanna, nærri allra barna og ungmenna. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,



Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ